

**2. fundur skólanefndar kjörtímabilið 2018-2022** vegna Flúðaskóla haldinn þriðjudaginn 30. október 2018 kl. 13.30.

Mætt: Elsa Ingjaldsdóttir (H), formaður, Unnsteinn Eggertsson (H), sem ritaði fundargerð og Hanna Björk Grétarsdóttir (D og óháðir). Einnig sátu fundinn Jóhanna Lilja Arnardóttir, skólastjóri, Steinunn Margrét Larsen, aðstoðarskólastjóri, Margrét Guðmundsdóttir, fulltrúi starfsfólks, Freyja Þorkeldsdóttir, fulltrúi foreldraráðs, Einar Bjarnason, fulltrúi Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri sat fundinn vegna fjárhagsáætlunarinnar. Sigurður Unnar Sigurðsson mætti ekki til fundarins.

FUNDARSTAÐUR: FLÚÐASKÓLI, FUNDARHERBERGI 2. HÆÐ

DAGSKRÁ:

- 1. Starfsáætlun fyrir yfirstandandi skólaár veturinn 2018-19**
  - 2. Mat/uppgjör starfsáætlunar síðasta skólaárs 17-18**
  - 3. Skólanámskrá Flúðaskóla**
  - 4. Erindisbréf skólanefndar**
  - 5. Drög að fjárhagsáætlun ársins 2019**
  - 6. Gjaldskrá mötuneytis**
  - 7. Skólaakstur- ráðning í starf**
  - 8. Úttekt Heilbrigiseftirlits Suðurlands 18. september sl.**
  - 9. Ný mál tekin fyrir á næsta fundi**
- 

Formaður setti fund og bauð fundarfólk velkomið. Gengið var til dagskrár.

Formaður óskaði eftir breytingu á dagskrá þannig að fyrst yrðu teknir fyrir dagskrárliðir nr. 5 og 6. Samþykkt samhljóða. Jón G. Valgeirsson sat fundinn vegna þessara dagskrárliða.

#### **1. Starfsáætlun fyrir yfirstandandi skólaár veturinn 2018-19**

Skólastjóri fór yfir starfsáætlun skólans þar sem margvíslegar upplýsingar er að finna, t.d. skipurit skólans, upplýsingar um starfsfólk, tilhögun náms, félagslíf, skólabrag og fleira.

Meiri áhersla er á verknámsval og heimanám kemur inn í valið á unglingsstigi. Í 1. – 7. bekk er boðið upp á heimanám, einu sinni í viku og sækir miðstigið það mest.

Opinn skóli verður áfram í boði. Hann hefur því miður verið illa sóttur, einkum á unglingsstigi, en þó er ætlunin að bjóða áfram upp á opna viku og vonast er eftir betri þátttöku foreldra og forráðamanna.

Á degi íslenskrar tungu verður fullveldisafmælinu gerð góð skil. Boðið verður upp á val í vinnu við árs hátíðina.

Farið var yfir skipan og stöðu mála hjá þeim ráðum sem tengjast starfi skólans, skólaheilsugæsluna og stuðningsúrræði, t.d. námsráðgjafa.

Ný persónuverndarlöggjöf var rædd undir þessum lið. Foreldrar hafa flestir ritað undir yfirlýsingu varðandi myndbirtingu og trúnað. Ljóst er að of langt var gengið með gildissvið trúnaðaryfirlýsingarinnar, sbr. bréf frá Persónunefnd. Samþykkt að taka málið fyrir á næsta fundi.

FF HBG UE Gts SML  JLA MK

Undir þessum lið var einnig rætt um lestur og framkvæmd jafnréttisáætlunar skólans.

Starfsáætlunin rædd og borin undir atkvæði, samþykkt samhljóða.

## 2. Mat/uppgjör starfsáætlunar síðasta skólaárs 17-18

Skólastjóri fór yfir hvernig starfsáætlun fyrir síðasta skólaár hefur gengið eftir. Áætlunin hefur gengið mjög vel eftir.

Undir þessum lið var farið yfir gátlista, sbr. síðasta fund og merkt við hvort búið er að framkvæmda viðkomandi atriði og hvað er eftir að gera.

## 3. Skólanámskrá Flúðaskóla

Skólastjóri fór yfir efni skólanámsskrár. Í skránni er að finna fjölmörg viðfangsefni í starfi skólans sem og almennar upplýsingar um sögu hans, skólareglur, námsmat, samstarf við leikskóla og fleira. Þar er t.d. gerð grein fyrir sjálfsmati sem nær yfir tímabilið 2018-2021, en í matinu er unnið markvisst að umbótum í skólastarfi með setningu markmiða, upplýsingaöflun og stöðumati. Sjálfsmat er aðferð sem nýtist vel við að ná fram umbótum í starfi skólans.

Námsskráin rædd og borin undir atkvæði, samþykkt samhljóða.

## 4. Erindisbréf skólanefndar

Formaður fór yfir drög að nýju erindisbréfi fyrir skólanefnd. Samþykkt að formaður, í samvinnu við sveitarstjóra, ljúki við erindisbréfið í samræmi við umræður á fundinum og leggi fyrir næsta fund.

## 5. Drög að fjárhagsáætlun ársins 2019

Sveitarstjóri fór yfir forsendur vegna fjárhagsáætlunagerðar og einstaka liði hennar fyrir Flúðaskóla fyrir árið 2019.

Áætlunin samanstendur af rekstrar- og fjárhagsstöðu á yfirstandi ári, áætlun síðasta árs og áætlun fyrir 2019. Rekstur skólans er á áætlun á yfirstandandi ári og er það fagnaðarefni.

Fjárhagsáætlunin rædd. Skólanefnd gerir ekki athugasemdir við drögin og samþykktir þau samhljóða.

## 6. Gjaldskrá mötuneytis

Sveitarstjóri fór yfir forsendur vegna fjárhagsáætlunagerðar mötuneytis Flúðaskóla fyrir árið 2019.

Eftirfarandi tillaga að gjaldskrá var lögð fram:

Mötuneyti Flúðaskóla, skólavistun og Heimaland.

Gjaldskrá 2019

JLA  
SMC  
JLA  
77  
HBG  
UT  
MG

**Grunnskóli:** Matur 370 kr. (var 360 kr.)  
Hressing 79 kr. (var 77 kr.)

**Skólavistun:** Stakur tími 336 kr. (var 326 kr.)  
Hressing 120 kr. (var 117 kr.)

**Heimaland og aðrir:** Matur 700 kr. (var 600 kr.)  
Heimsending 205 kr. á hverja ferð, nema Heimaland (var 75 kr./km.).

**Starfsfólk:** Matur 370 kr. (var 360 kr.)

Undir þessum lið var einnig farið yfir áætlun fyrir eignasjóð skólans. Þar er m.a. gert ráð fyrir fjármunum í viðhaldsmál, 10 milljónir, þar sem t.d. verður farið í endurnýjun á salernum í húsnæði skólans, hönnun á lóðinni við skólann ofl.

Fjárhagsáætlunin rædd. Skólanefnd gerir ekki athugasemdir við drögin og samþykktir þau samhljóða.

#### 7. Skólaakstur – ráðning í starf

Skólastjóri fór yfir stöðu mála, en um er að ræða akstursleiðina um Langholtsveg. Tveir aðilar hafa sótt um að þjónusta þessa leið. Skólanefnd mælir með að Jóhann Marelsson verði ráðinn til að þjónusta þessa leið.

#### 8. Úttekt Heilbrigðiseftirlits Suðurlands 18. september sl.

Skólastjóri fór yfir niðurstöður úttektarinnar sem lögð er fram til upplýsinga.


#### 9. Ný mál tekin fyrir á næsta fundi.

a) **Persónuverndarmál.** Málið rætt sbr. lið 1. Samþykkt að boða persónuverndarfulltrúa sveitarfélagsins á næsta fund.

b) **Gátlisti.** Samþykkt að taka fyrir lið nr. 17 á næsta fundi.

Næsti fundur er ráðgerður fimmtudaginn 29. nóvember kl. 13.30.

Engin önnur mál tekin fyrir. Fundi slitið kl. 14.55.

  
Frýja Þorhelsd.,  
Hanna Björnsdóttir  
Ginn Björnsson  
S. Margrét Karlsdóttir  
Jóhanna Elísa  
Margrét Guðmundsdóttir